

Hreinsunareldurinn - möguleikinn á að sálin hreinsist að fullu

Ef þú myndir deyja í nótt, færir þú beint til himna?
Hverjar eru biblíulegar heimildir Hreinsunareldsins?

Hreinsunareldurinn er möguleiki mannsins á lokahreinsun sálar, sem hefur kosið að fallast á þær þjáningar sem eldinum óhjákvæmilega fylgir, svo hún að lokum megi ganga hrein inn til lífsins. Sá, sem að æviskeiði loknu deyr í náðarástandi, á sér hins vegar nokkuð vísan stað á himnum án viðkomu í Hreinsunareldinum. Sá dómur sáluhjálpar, án frekari friðþægingar í Hreinsunareldinum, er þó ekki á neinu mannlegu valdi að kveða á um. Guð einn getur horft inn í hjarta mannsins og greint þær hvatir sem legið hafa að baki athafna hans, þótt einstaklingnum að eigin mati hafi virst þær háleitar, eins og varnaðarorð Jesú votta: „Margir munu segja við mig á þeim degi: Herra, herra, höfum vér ekki kennt í þínu nafni, rekið út illa anda í þínu nafni og gjört í þínu nafni mörg kraftaverk? Þá mun ég votta þetta: „Aldrei þekkti ég yður. Farið frá mér, illgjörðarmenn.““ (Mt 7:22-23) Páll postuli tekur í sama streng og áminnir að sáluhjálpar sé ekki sjálfgefin og að hafa skuli aðgát á jarðneskri vegferð, : “Því ekkert óhreint getur komist í himnaríki.” Boðskap þennan má einnig greina í skrifum Jóhannesar postula er hann áréttar að „alls ekkert óhreint skal inn í hana ganga né sá sem fremur viðurstyggð eða iðkar lygi...” (Op 21:27 Kor.I 3:15; sjá einnig Jes 4:4; MI 3:2-4).

Með hliðsjón af náttúrulegum hvötum manna, sem hneigjast til sjálfselsku og eru því ekki með öllu lausir við smásyndir, þá gefur augaleið að margur maðurinn er hvorki nægilega ranglátur til að verða eilífum eldi að bráð, né nægilega réttlátur til að lifa að eilífu í samfélagi við þá sem lausir eru allra mála á himnum. Af skrifum Páls postula og Jóhannesar postula má því ráða, eins og Kapólska kirkjan einnig kennir, að millistig sé fyrir hendi fyrir þá, sem þó séu ekki að öllu leyti lausir við það „óhreina,” og að hver sá sem áfátt er í dyggðum, en þó ekki alls kostar vanþóknanlegur Guði, muni þó eiga sér bjargarvon. Páll postuli kemst t.d. þannig að orði að sá sem ábótavant er í dyggðum að lokinni lífsgöngu, en hefur samt ekki kosið sér sjálfvalda einangrun frá kærleika Guðs, sem réttlætir helvíti, “mun ná frelsi, en sem í gegnum eld,” þ.e.a.s. eftir þjáningar í hreinsunareldi, eins og Kapólsk kirkja kennir í samræmi við Heilaga ritningu: „eigi munt þú komast út þaðan, fyrr en þú hefur borgað síðasta eyri.” (Mt 5:25)

Samkvæmt ofangreindu má skilgreina Hreinsunareldinn sem nokkurskonar millistig milli himnaríkis og helvítis, það millistig, þegar sálin á úrslitastundu er hvorki nægilega hrein til að dvelja í eilífum fögnuði meðal hinna heilögu, en heldur ekki svo syndum hlaðin að hún eigi sér vísa vítisvist. Þessi sami skilningur á eðlilegu og sanngjörnu millistigi milli himins og helvítis kemur einnig einkar skýrt fram í eftirfarandi tilvísun til Páls postula: „Þá

mun verk hvers um sig verða augljóst. Dagurinn mun leiða það í ljós, af því að hann opinberast með eldi og eldurinn mun prófa hvílikt verk hvers eins er. Ef nú verk einhvers fær staðist, það er hann byggði ofan á, mun hann taka laun. Ef verk einhvers brennur upp, mun hann bíða tjón. Sjálfur mun hann frelsaður verða, en þó eins og úr eldi" (1 Kor 3:13-15) „Því að öllum oss ber að birtast fyrir dómstóli Krists, til þess að sérhver fái það endurgoldið, sem hann hefur aðhæfst í líkamanum, hvort sem það er gott eða illt.“ (2Kor 5:10). Í samræmi við þá kenningu að um millistig sé að ræða fyrir suma að lífsgöngu lokinni, þá kennir Kaþólska kirkjan að það sé góð og gagnleg hugsun að biðja fyrir framliðnum, svo að þeir „hreinsist af syndum sínum“ (Makk.II 12.45, sjá einnig grein 7) Rétt er að minna á í lok þessarar umfjöllunar að afdráttarlausasta dauðasyndin sem aldrei verður fyrirgefin í þessum heimi né í hinum komandi er sú sem mælir gegn Heilögum anda, þeim sama Heilaga anda og Kaþólsk kirkja er undirorpin í samræmi við tilskipun Jesú Krists, sem andaði á postula sína við stofnun hennar á hvítasunnudag. (Mt. 12:32; Jh 20:22)

Forn kaþólsk bæn fyrir framliðnum

Ég bið fyrir öllum sálum, sem fram hafa farið af heiminum frá upphafi og minna bæna með þurfa. Ég bið allsvaldandi Guð, að Hann veiti þeim fyrirgefningu allra synda og gefi þeim eilífa hvíld og óþrjótandi ljós til efsta dags. En á upprisudegi veiti Hann allra vorra sálum óumræðanlegan fögnuð með sjálfum sér og öllum himneskum hersveitum. Amen Drottinn, veiti þeim hina eilífu hvíld, og hið eilífa ljós lýsi þeim. Allar sálir trúaðra framliðinna hvíli í friði sakir miskunnar Guðs. Amen

Tilvitnun úr bók hl. Ágústínusar, kirkjuföður og biskups On Duties Toward the Dead.

„Hinn trúaði auðsýnir hinum látna, sem var honum mjög kær, kærleika er hann minnst hans í bæn. Á því leikur engin vafi að slíkar kærleiksbænir koma hinum látna til góða, sem með lífi sínu hefur unnið til slíks verðleika eftir dauðann. Áköll um sáluhjálpi til handa hinum látna ber heldur ekki að vanrækja. Kirkjan, hin ástkæra móðir okkar, tekur sjálf að sér slík áköll og fyrirbænir fyrir látna einstæðinga, jafnvel nafnlausu, sem hafa enga fjölskyldu til að biðja fyrir sér, en hafa látist sem meðlimir í hinu kristna samfélagi.“

Dr. Gígja Gísladóttir: Trúvörn

